



Fjórða smáforritið í jólaþema 2017 er Spilarinn <http://spilarinn.is>. Ég valdi það af því það er tilvalið að stilla á útvarpsstöð í desember og hlusta á nokkur jólalög á meðan unnið er að verkefnum.

Spilarinn er flýtleið að 33 útvarpsstöðvum og virkar í sumum tilvikum betur en sérstakir spilarar þeirra.

Spilarinn er veflægt forrit sem og smáforrit fyrir [iOS](#) og [Android](#) tæki (sótt í Appstore og/eða Playstore). Forritið er ókeypis og einfalt í notkun, það eina sem þarf er nettenging. Langar að benda á að útvarpsstöðin Léttbylgjan spilar eingöngu jólalög í desember.

Ég er með spilarann í öllum snjalltækjum og nýti hann þegar ég vil hlusta á útvarp við vinnu.